



# Ársskýrsla 2022

Þörungamiðstöð Íslands hf.

## Efnisyfirlit

Ávarp formanns stjórnar.....	3
Starfsemi Þörungamiðstöðvar Íslands hf.....	4
Um Þörungamiðstöð Íslands (PMÍ).....	4
Stjórn Þörungamiðstöðvar Íslands hf (PMÍ).....	4
Viljayfirlýsingar.....	5
Kynningarfundur.....	7
Framtíðarsýn.....	7
Framundan.....	8
Húsnæði.....	8
Tæki og búnaður.....	8
Starfsfólk.....	8
Styrkir.....	8
Samstarf.....	8
Ársreikningur 2022.....	8

## Ávarp formanns stjórnar.



MYND 1 DR. HÓLMFRÍÐUR  
SVEINSDÓTTIR

Mannfjöldaspár gera ráð fyrir að íbúar jarðarinnar verði orðnir 9 milljarðar árið 2040 ef fram gengur sem horfir. Aukinn fjöldi íbúa kallar á aukna matvælaframleiðslu um leið og líffræðilegur fjölbreytileiki dvínar, landsvæði ýmist of þorna eða fara undir vatn og hitastig jarðar hækkar sem aldrei fyrr. Þessar aðstæður hafa kallað eftir breyttri nálgun í auðlindanýtingu. Sjálfbærni er lykilhugtak í allri auðlindanýtingu í dag. Og sjálfbærnin tekur ekki einungis til vistfræðilegra þátta heldur líka til samfélagslegra og efnahagslegra þátta. Og þannig þarf matvælaframleiðsla framtíðarinnar að vera, hún þarf að vera stunduð í sátt og samlyndi við náttúruna en einnig samfélagið sem hún er stunduð í og vera arðbær.

Lagareldi er nýyrði á íslensku og er bein þýðing af enska orðinu aquaculture. Eins og orðið gefur til kynna er lagareldi eldi í legi og tekur til atvinnugreina eins og fiskeldis, þangs- og þararæktunar og -vinnslu, kræklingaræktunar og -vinnslu sem og örþörungaræktunar og -vinnslu. Lagareldi er talin vera ein af

lausnunum við að gera matvælaframleiðslu heimsins sjálfbærari.

Vinnsla á þörungum hefur verið stunduð lengi við Breiðafjörð og er Þörungaverksmiðjan á Reykhólum afsprengi bænda sem ruddu brautina á sínum tíma í þörungavinnslu. Þörungar innihalda mikið af verðmætum efnum sem ekki einungis eru nýtt til mannelis heldur líka í margskonar efnaiðnað.

Í ríkisstjórnarsáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs segir "Við viljum skapa sátt um nýtingu auðlinda. Við leggjum áherslu á baráttuna við loftslagsbreytingar með samdrætti í losun, orkuskiptum og grænni fjárfestingu. Um leið er það verkefni okkar að búa íslenskt samfélag undir aukna tæknivæðingu auk þess að tryggja áframhaldandi lífskjarasókn allra kynslóða. Áhersla verður lögð á jafnvægi efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra þátta."

Það er okkar trú sem stöndum að Þörungamiðstöð Íslands (ÞMI) að hún geti lagt lóð á vogarskálar sjálfbærrar auðlindanýtingar og aukið verðmætasköpun og h á Íslandi. Við trúum því einnig að ÞMI geti orðið fjöregg í litlu samfélagi eins og Reykhólum þar sem þekking á þörungum og þörungavinnslu er til staðar. Mikill vilji sveitarfélagsins sem og Þörungaverksmiðjunnar er okkur mikill hvati. Við ætlum okkur að vinna með fyrirtækjum, frumkvöðlum, rannsóknastofnunum og menntastofnunum í að afla og miðla þekkingu um þörungum og vera þannig í forystu hlutverki í þekkingaröflun og -miðlun um sjávarþörungum.

Samstarf er nú þegar hafið við mennta- og rannsóknastofnanir og hafa fyrstu háskólanemendurnir komið á Reykhóla í heimsókn. Á næstu misserum verður ráðinn forstöðumaður fyrir ÞMI og rannsóknahúsnæði tekið í notkun en fest hafa verið kaup á tækjum til helstu rannsókna og vinnslu á þörungum. Það verður því ekki langt í að fyrstu rannsóknaverkefnið og nemendanámskeiðin fari að líta dagsins ljós í ÞMI.

Framtíðin er björt!

Hólmfríður Sveinsdóttir, stjórnarformaður.

## Starfsemi Þörungamiðstöðvar Íslands hf.

### Um Þörungamiðstöð Íslands (ÞMÍ).

Þörungamiðstöð Íslands var stofnuð 2. febrúar 2022. Félagið var stofnað af Reykhólahreppi og Þörungaverksmiðjunni hf. Tilgangur Þörungamiðstöðvar er;

- Að stuðla að aukinni þekkingu og byggja upp þekkingarbanka varðandi nýtingu þörungum hér við land, bæði ræktaðra og villtra, s.s. með innihaldsgreiningum, matvælarannsóknnum og umhverfisrannsóknnum, þ.m.t. vistfræðilegum rannsóknnum og umhverfisvöktun, eitt og sér eða í samvinnu við aðra.
- Að stunda matvæla- og fódurrannsóknir, sem og umhverfisrannsóknir með sérstakri áherslu á þörungum og vinna með og veita þjónustu til rannsóknarstofnana og fyrirtækja sem slíkar rannsóknir stunda.
- Að vinna að þörungaræktun sem og þróun og framleiðslu afurða úr þörungum og veita þjónustu til stofnana og fyrirtækja sem hafa slíkt með höndum.
- Að taka þátt í menntunar- og fræðastarfi á sviði matvælarannsóknna og umhverfisrannsóknna, með sérstakri áherslu á þörungum.
- Að stuðla að auknu verðmæti afurða úr sjávargróðri og öðrum strandnyttjum.
- Að stuðla að atvinnuuppbyggingu í Reykhólahreppi, og við Breiðafjörð allan, sem og nýsköpun og fjölbreytni varðandi ræktun og nýtingu á þörungum.
- Rekstur fasteigna, kaup og sala eigna sem og lánastarfsemi, enda tengist það framangreindum tilgangi.

Sveitarfélagið Reykhólahreppur og Þörungaverksmiðjan hf. eru stofnendur ÞMÍ og lögðu hvor um sig fram þriggja milljóna króna stofnframlag til rekstusins

ÞMÍ sótti um styrk í Lóuna, nýsköpunarstyrkir fyrir landsbyggðina 2022 til stefnumótunar þar sem framtíðarsýn og sóknaráætlun ásamt upphafsáðgerðum verði mótaðar og samstarfstengsl mynduð og komu 8.1 milljón í hlut ÞMÍ.

### Stjórn Þörungamiðstöðvar Íslands hf (ÞMÍ).

Stjórn var kjörin á stofnfundi þann 2. febrúar 2022. Í stjórn sitja;

- Fyrir Þörungaverksmiðjuna Finnur Árnason og Arnór Hafstað til vara.
- Fyrir Reykhólahrepp Ingibjörg Birna Erlingsdóttir og Árný Huld Haraldsdóttir til vara.
- Hólmfríður Sveinsdóttir og Pétur Friðjónsson til vara.


Endurskoðandi félagsins er Endurskoðunarstofa Álit ehf., Akranesi.

María Hildur Maack sérfræðingur á vegum Þörungaverksmiðjunnar situr fundi stjórnar og hefur m.a. unnið að stefnumótun með stjórn og gerð umsóknna.

## Viljayfirlýsingar.

2. febrúar 2022.

Undirrituðu Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitastjóri Reykhólahrepps og Finnur Árnason framkvæmdastjóri Þörungaverksmiðjunnar hf. f.h. Þörungamiðstöðvar Íslands annars vegar, og Oddur Már Gunnarsson, forstjóri Matís, hins vegar undir viljayfirlýsingu um samstarf í rannsóknum og vöktun í tengslum við Þörungamiðstöð Íslands á Reykhólum í þeim tilgangi að auka þekkingu, atvinnu- og verðmætasköpun úr þangi og þara með rannsóknum, fræðslu, nýsköpun og vöruþróun.



MYND 2 FRÁ UNDIRRITUN YFIRLÝSINGAR HJÁ MATÍS

4. febrúar 2022

Undirrituðu fyrir hönd Þörungamiðstöðvar Íslands Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitastjóri Reykhólahrepps og Finnur Árnason framkvæmdastjóri Þörungaverksmiðjunnar hf. annars vegar, og Þorsteinn Sigurðsson, forstjóri Hafrannsóknarstofnunar, rannsókn- og ráðgjafastofnun hafs og vatns hins vegar undir viljayfirlýsingu um samstarf í rannsóknum og vöktun þörunga í vistkerfi Breiðafjarðar.

Tilgangur samstarfsins er að auka þekkingu, atvinnu- og verðmætasköpun einkum úr þangi og þara og sýna með rannsóknum að þessi sjávarauðlind sé nýtt á sjálfbæran hátt.



MYND 3 FRÁ UNDIRRITUN VILJAYFIRLÝSINGAR HJÁ HAFRÓ

29. mars 2022

Undirrituður Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, og Finnur Árnason, framkvæmdastjóri Þörungaverksmiðjunnar hf., viljaryfirlýsingu. Háskóli Íslands og Þörungamiðstöð Íslands hf. hyggjast vinna saman að því að efla rannsókn- og þróunarstarf í tengslum við sjálfbæra nýtingu sjávarþörungna á Reykhólum við Breiðafjörð.




MYND 4 FRÁ UNDIRRITUN VILJAYFIRLÝSINGAR HJÁ HÁSKÓLA ÍSLAND

## Kynningarfundur

Þann 23. mars 2022 hélt stjórn kynningarfund á Þörungamiðstöð Ísland. Fundurinn var haldinn á Reykhólum. Á fundinum var stofnun ÞMÍ kynnt fyrir frumkvöðlum á svæðinu. Á fundinum kynntu fulltrúar frá Háskóla Íslands og Matís hvað stofnanirnar hafa fram að færa, hvað þær hafa verið að gera í rannsóknum og í samstarfi við frumkvöðla. Á fundinn mættu allir helstu frumkvöðla í vinnslu á þangi og þara á Reykhólum og kynntu sig og sínar hugmyndir.

## Framtíðarsýn.

- Árið 2032 verður litið til Reykhóla sem mekka þörunga á Íslandi þar sem ÞMÍ mun vera í forystuhlutverki í sköpun og miðlun þekkingar um vistfræði, líffræði, lífefnafræði og annað sem tengist ræktun og sjálfbærri nýtingu þörunga.
- ÞMÍ verður staðsett í grænum iðngörðum á Reykhólum þar sem aðstaða verður til kennslu og námskeiðahalds, rannsókna og vöruþróunar.
- ÞMÍ verður staðurinn sem frumkvöðlar, nemendur, kennarar, fræðimenn og aðrir sem áhuga hafa á vistfræði, ræktun og nýtingu á þörungum munu fyrst líta til þegar kemur að þekkingaröflun um íslenska þörunga.
- ÞMÍ verður í blómlegu samstarfi með frumkvöðlum, fyrirtækjum, rannsóknastofnunum og háskólum um allan heim í því að auka þekkingu, ræktun og sjálfbæra nýtingu til verðmætasköpunar á þörungum.
- ÞMÍ mun fá 33% tekna sinna úr íslenskum og erlendum samkeppnissjóðum, 33% fyrir þjónustu við fyrirtæki og stofnanir og 33% í gegnum samning við ríkið.
- Amk. þrjú sprotafyrirtæki hafa þegar skotið upp kollinum, nokkrar nýjar vörur orðið til sem og fjöldi vísindagreina, nemendaritgerða og skýrsla verið birtar í samstarfsverkefnum þar sem ÞMÍ er í lykilhlutverki.



*Gildi Þörungamiðstöðvar Íslands eru framsækni, samvinna,  
fagmennska og nýsköpun.*

## Framundan

### Húsnæði

Á árinu 2023 stendur til að koma starfsemi ÞMÍ í húsnæði við Suðurbraut 3 á Reykhólum. Húsnæðið hýsti áður Gullstein ehf. ÞMÍ mun taka húsnæðið á leigu af fjárfestingasjóðnum Bakkahvammi sem kaupir húsnæðið af Gullsteini ehf.

### Tæki og búnaður

ÞMÍ hyggst kaupa tæki og búnað til rannsókna og framleiðslu og koma þeim fyrir í húsnæði ÞMÍ. Umtalsverður fjármunum verður varið í að kaupa tæki og búnað eða um 25 milljónum. Aðgangur að helstu tækjum og búnaði er grundvöllur fyrir því að starfsemi ÞMÍ.

### Starfsfólk.

Haustið 2023 verður ráðinn fyrsti starfsmaðurinn til ÞMÍ. Starfsmaður hefur það hlutverk að hefja rekstur ÞMÍ og styrkja samvinnu við helstu samstarfsaðila í samræmi við framtíðarsýn ÞMÍ.

### Styrkir

Árið 2023 verða sóttir styrkir sem þegar hefur verið úthlutað til ÞMÍ. Um er að ræða seinni hluta styrks sem fékkst úr Lóunni að upphæð rúmlega 4 milljónir króna. Úthlutun á fjárlögum að upphæð 15 milljóna króna og 5 milljóna króna styrk úr verkefninu Grænir iðngarðar í Reykhólahreppi sem ætlaður er til að standa undir ráðningu starfsmanna til ÞMÍ.

### Samstarf

ÞMÍ hyggur á frekara samstarf við háskólaumhverfið á árinu 2023, til stendur að gera viljayfirlýsingu við Háskólann á Hólum og Háskólann á Akureyri til eflingar á rannsóknum og þróun.

## Ársreikningur 2022

Tap varð af rekstri félagsins á árinu 202 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eignir félagsins í árslok námu samtals 5.797 þús. kr., engar skuldir voru í árslok. Eigið fé var jákvætt um 5.797.þús. kr.

Innborgað hlutfé félagsins við stofnun þess nam 6.000 þús. kr. Hluthafar í félaginu í árslok eru:

	Eignarhluti
Reykhólahreppur .....	50%
Þörungaverksmiðjan hf. ....	50%



